

Fjármálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Fjármálaráðuneytið**
Dagsetning: **26. nóvember 1997**
Málsnúmer: **97100028**
Bréfalykill: **342-0**

Efni: Frumvarp til laga um ríkisábyrgðir

Á fundi fulltrúa fjármálaráðuneytisins með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis 24. þ.m. var nokkrum spurningum beint til ráðuneytisins. Þeirra á meðal voru eftirfarandi atriði:

- Í núgildandi lögum er kveðið á um áhættugjald og ábyrgðargjald. Í frumvarpinu er kveðið á um þessi sömu gjöld með breyttum grunni og fjárhæðum auk afgreiðslugjalds. Óskað var eftir yfirliti um fjárhæð þessara gjalda á heilu ári eins og þau eru miðað við núgildandi lög og hvað má ætla að þau verði með samþykkt frumvarpsins.
- Samantekt um afskriftir af töpuðum lánum og ábyrgðum Ríkisábyrgðasjóðs undanfarin 5-10 ár.
- Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er fjallað um athugun á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs. Eru til einhverjar vísbendingar um hvað megi ætla að komi í ljós við slíka athugun?

Á meðfylgjandi minnisblöðum frá Ríkisábyrgðasjóði er að finna svör við þessum spurningum.

Hvað varðar viðbrögð við athugasemdum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands á ákvæðum í 6. gr. frumvarpsins þá hefur fjármálaráðuneytið óskað eftir því við Seðlabanka Íslands að ákveðnir þættir í því máli verði skoðaðir frekar og mun nefndinni verða kynnt niðurstaða þess þegar hún liggur fyrir.

RÍKISÁBYRGÐASJÓÐUR

Afskriftir 1987 - 1996

	Afskrifað skv. skv.rekstrarreikn.	Staða afskriftasj. 31.12.
1987	45.515	-
1988	-	-
1989	-	-
1990	1.470.480	75.000
1991	282.324	175.000
1992	190.227	208.200
1993	22.844	225.000
1994	353.660	256.704
1995	70.658	283.582
1996	626.351	172.252

RÍKISÁBYRGÐASJÓÐUR

Ábyrgða- og áhættugjald
af ríkisábyrgðum.

25.11.97.

Á árinu 1996 nam innheimta áhættugjalds af ríkisábyrgðum (4.gr. 1.37/1961) og sérstaks ábyrgðagjalds (8.gr.1.37/1961) sem hér segir:

1.	Áhættugjald:		
	1.1. Vegna ríkisábyrgða	14.327.480	
	1.2. Vegna endurlána	<u>14.000.000</u>	28.327.480
2.	Sérstakt ábyrgðargjald		153.840.940

Samkvæmt frumvarpi til laga um ríkisábyrgðir (4.gr.) verður áhættugjald, breytilegt 0,25% - 4% á ári af höfuðstóli ábyrgðarskuldbindingar (eins og hann er í upphafi lánstíma). Í áætluninni er miðað við, að gjaldið verði 0,25% - 1% á ári fyrir þá, sem gjaldið greiddu árið 1996:

Áætlað áhættugjald 1996 að breyttum lögum	38.980.000
--	------------

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að sérstaka ábyrgðagjaldið leggist á allar skuldbindingar greiðenda aðrar en almennar viðskiptaskuldir og skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum innlánsstofnana.

Upplýsingar eru aðeins til um erlendar skuldbindingar gjaldskyldra aðila. Við áætlun hér á eftir er því miðað við þær.

Áætlað sérstakt ábyrgðargjald 1996 að breyttum lögum (eingöngu erl. skuldbindingar)	178.348.254
---	-------------

RÍKISÁBYRGÐASJÓÐUR

25.11.97.

Ekki er vitað um neitt óvænt, sem koma kynni fram við athugun á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs eins og gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði frumvarps til laga um ríkisábyrgðir. Ljóst er þó, að þá hlýtur að koma til mat á áhættu af ábyrgðum vegna ríkisábyrgðar á skuldbindingum banka og sjóða í eigu ríkisins. Slíkt áhættumat hefur ekki farið fram til þessa. Hver niðurstaða slíks mats verður er að sjálfsögðu ekki vitað nú.